Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík - Sími 411 1111

Samþykki vegna hundahalds

Gerð fjölbýlishúss:
Utanáliggjandi svalauppgangur ☐ sameiginlegur inngangur ☐ Sameiginlegur stigagangur ☐
Leiguhúsnæði ☐

Undirritaðir eigendur húsnæðisins að_____

samþykkja að _____

haldi hundinn:_____í íbúð/húshlutanúmer:_____

með skuldbindingum sem samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur kveður á um

Nafn:	**Kennitala:**
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....
.....	.....

Skriflegt samþykki sameigenda fer skv. 33. a-d greina , laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Samþykki 2/3 hluta eigenda þarf ef fara þarf um sameiginlegan inngang eða stigagang. Gildir það jafnframt ef um utanáliggjandi stigagang er að ræða eða ef gengið er inn í íbúð af svölum sbr. 1. mgr. 33. gr. a. og 1. mgr. 33. gr. b. Ef íbúð er með sérinngang eða gengið er inn um sameiginlegar útitröppur þá þarf ekki að afla samþykkis annarra eigenda fjölbýlishúss. Skiptir ekki máli í því samhengi þótt annað rými fasteignarinnar sé sameiginlegt, svo sem lóð og annað sameiginlegt rými. Ef sameiginlegur stigagangur er utanáliggjandi og gengið er inn í íbúðina af svölum þarf samþykki þeirra eigenda sem hann tilheyrir.
Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki einvörðungu til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður sem réttlætt geta afturköllun eru m.a. heilbrigðisástæður, svo sem ofnæmi, óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það sem venjulegt og eðlilegt er.
Ef um er að ræða annars konar sameign eða nábýli af öðrum toga og sameigandi eða nágranni telur hunda-haldið fara í bága við rétt sinn og hagsmuni, s.s. vegna ofnæmis eða ítrekaðs eða verulegs ónæðis og færi hann fram gild rök og fullnægjandi gögn því til stuðnings, getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur synjað um umbeðið leyfi eða afturkallað áður veitt leyfi. Unnt er að vísa ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til úrskurðar.
Ef um leigutaka í fjöleignarhúsi er að ræða skal samþykki leigusala liggja fyrir.
Óheimilt er að halda hund og skrá nema á heimili eiganda.

Samþykki ásamt umsókn um leyfi til hundahalds og skráningargjaldi skal skilað til:
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur; Umhverfis- og skipulagssviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík,
s: 411 1111, tölvupóstur: hundaeftirlit@reykjavik.is, vefslóð: www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit